Nr. 23.
10.
oktbr.

Auglýsing

um

verzlunar- og siglinga-samning milli konungsríkisins Danmerkur og keisaradæmisins Japans.

Þann 19. október 1895 hefur stjórn hans hátignar Danmerkur konungs og stjórn hans hátignar Japans keisara gjört á ensku svofelldan verzlunar- og siglinga-samning, sem fullgiltur var 6. maí 1896 og öðlaðist fyrir fullt og allt gildi 17. júlí þ. á.

Útlegging.

Samningur.

Það er sameiginlegt áhugamál fyrir þeim, hans hátign Danmerkur konungi og hans hátign Japans keisara, að halda við vináttu þeirri, er giptusamleg hefur verið þeirra í milli, með því að fullkomna og auka viðskiptin milli ríkjanna, og er það sannfæring þeirra, að takmarki þessu verði bezt náð með því að endurskoða samninga þá, er hingað til hafa verið landa þeirra í millum; hafa þeir því ráðið að gjöra endurskoðan þessa samkvæmt sanngirni og hagsmunum beggja og til þess kvatt umboðsmenn hvor fyrir sína hönd:

Hans hátign Danmerkur konungur:

Kjeld Thor Tage Reedtz-Thott barón, kommandör af dannebroge og dannebrogsmann, kammerherra, ráðaneytisforseta og utanríkismálaráðgjafa hans hátignar og fl.,

og hans hátign Japans keisari:

Akabane Shiro Shogoi, sæmdan orðu hinna heilögu fjársjóða á 5. stigi, sendiherra hans hátignar við dönsku hirðina,

og eptir að þessir menn höfðu gjört hvor öðrum grein fyrir umboðum sínum, er reyndust góð og gild að formi, hafa þeir orðið ásáttir um greinir þær, er hjer fara á eptir:

1. gr.

Þegnum annars hinna tignu samningsaðila skal fullfrjálst að koma inn í lönd hins samningsaðilans, svo og ferðast þar og dvelja; skulu þeir sjálfir og eignir þeirra njóta þar fullrar og óskertrar verndar. Skulu þeir eiga frjálsan og hægan aðgang að því að sækja og verja rjett sinn fyrir dómstólunum, og er þeim jafnheimilt og innbornum þegnum að fá sjer og nota málaflutningsmenn eða aðra umboðsmenn til þess að sækja eður

Bekendtgørelse

Nr. 23.
10de
Oktbr.

om

en mellem Kongeriget Danmark og Kejserriget Japan afsluttet Handels- og Skibsfarts-Traktat.

Under 19de Oktober 1895 er der mellem den kongelige danske Regering og den kejserlig japanesiske Regering blevet afsluttet og under 6te Maj 1896 ratificeret følgende i det engelske Sprog affattede Handels- og Skibsfarts-Traktat, som fra og med den 17de Juli d. A. er traadt i fuld Kraft.

Oversættelse.

Traktat.

Hans Majestæt Kongen af Danmark og Hans Majestæt Kejseren af Japan, i lige Grad besjælede af Ønsket om at vedligeholde det venskabelige Forhold, som lykkelig bestaar mellem dem, ved at udvikle og forøge Forbindelsen mellem deres respektive Stater, og overbeviste om, at dette Formaal bedst vil kunne naas ved en Revision af de mellem de to Lande hidtil bestaaende Traktater, have besluttet at gennemføre en saadan Revision paa Grundlag af Billighed og Hensynet til gensidig Fordel og have i dette Øjemed udnævnt til deres befuldmægtigede:

Hans Majestæt Kongen af Danmark:

Kjeld Thor Tage Otto Baron Reedtz-Thott, Kommandør af Dannebrog og Dannebrogsmand, Hs. Majestæt Kongens Kammerherre, Konseilspræsident og Udenrigsminister etc. etc.,

og Hans Majestæt Kejseren af Japan:

Akabane Shiro Shogoi, dekoreret med den Hellige Skats Orden af 5te Klasse, Hans Majestæts Ministerresident ved det danske Hof,

hvilke, efter gensidig at have meddelt hinanden deres Fuldmagter, der fandtes i god og behørig Form, ere komne overens om og have afsluttet følgende Artikler:

Artikel 1.

Enhver af de to høje kontraherende Parters Undersaatter skulle have fuld Frihed til at komme ind i, rejse i eller bo i enhver Del af den anden kontraherende Parts Territorier, og skulle nyde fuldstændig og ubeskaaren Beskyttelse for deres Personer og Ejendom. De skulle have fri og let Adgang til at forfølge og forsvare deres Rettigheder for Domstolene, lige med indfødte Undersaatter skal det staa dem frit at vælge og benytte Sagførere, Advokater og Repræsentanter til at forfølge og forsvare deres Rettigheder

Nr. 23. 10. oktbr.

verja rjettindi sín fyrir dómstólunum, og í öllum öðrum greinum, er dómgæzlu snerta, skulu þeir njóta allra rjettinda og forrjettinda, er innbornir þegnar njóta.

Í öllu því, er snertir rjett til þess að taka bólfestu og ferðast, eiga hvers konar fje og muni, erfa samkvæmt erfðaskrá eða á annan hátt og ráða öllum löglega fengnum eignum eptir vild, skulu þegnar annars samningsaðila í löndum hins njóta sömu forrjettrjettinda, undanþágna og rjettinda, sem innbornir þegnar eða þegnar og ríkisborgarar þeirrar þjóðar, er beztum kjörum sætir; eigi skal heldur heimilt í þessum efnum að leggja á þá hærri skatta eða kvaðir. Þegnar annars samningsaðila skulu í löndum hins hafa fullkomið samvizkufrelsi, og heimilt skal þeim, ef þeir gæta lands laga og fyrirskipana, að hafa helgisiði sína um hönd, bæði leynt og ljóst, svo og jarða landa sína samkvæmt helgisiðum sínum á hentugum og hæfilegum stöðum, er til þess sje útbúnir og þeim haldið við í þeim tilgangi.

Eigi skal heimilt undir neinu yfirskini að neyða þá til að inna af hendi aðra eða hærri skatta eður gjöld, en innbornir þegnar eða þegnar eður ríkisborgarar þjóðar, er beztum kjörum sætir, eru eða verða látnir greiða.

Allir þegnar annars samningsaðilans, er bústað hafa í löndum hins, skulu undanþegnir hvers konar þjónustuskyldu í hernum, sjóliðinu, þjóðliðinu og landvarnarliðinu, ennfremur öllum gjöldum, er á lögð eru í stað herþjónustu, öllum nauðungarlánum, útboðum og greiðslum til hernaðar.

2. gr.

Verzlun og siglingar skulu vera frjálsar milli landa hinna tignu samningsaðila.

Heimilt skal þegnum samningsaðilanna, hvar svo sem er í löndum hins, að verzla í stór- og smákaupum með alls konar afurðir, iðnarvöru og lögmæta verzlunarvöru, hvort heldur þeir gjöra það sjálfir eða láta erindreka gjöra það, hvort þeir gjöra það einir eða í fjelagsskap með útlendum eða innbornum þegnum; heimilt skal þeim og þar að eiga eða taka á leigu og nota hús og geymslurúm, svo og taka jörð á leigu undir hús eða verzlun; en gæta verða þeir, eins og innbornir þegnar, laga landsins, lögreglu- og tolltilskipana.

Heimilt skal þeim tálmlaust að koma með skip sín og farm á allar stöðvar, hafnir og fljót í löndum hins, þar leyfð er eða verður verzlun við útlönd; í sjóferða og verzlunarefnum skulu þeir sæta sömu kjörum og innbornir þegnar, og eigi greiða aðra eða hærri skatta, álögur eða gjöld, sem krafizt er í nafni landsstjórnarinnar, embættismanna, einstakra manna, fjelaga eða hverskonar stofnana, eða eiga að ganga til þeirra, heldur en þau, er innbornir þegnar greiða. Þó ber þess að gæta, að það, sem segir í þessari og undanfarandi grein, á engan veginn að raska gildi sjerstaklegra laga, tilskipana og ákvæða um verzlun, lögreglu og almenningsvernd, er sett eru í hvoru landinu fyrir sig.

3. gr.

Íbúðarhús, varningshús og sölubúðir þær, er þegnar annars hins tigna samningsríkis nota í löndum eða landeignum hins, svo og lóðir þær allar, er þeim fylgja, og við íbúð húsa eða við verzlun eru notaðar, skulu lagaverndar njóta.

Nr. 23. Auglýsing 10. október um verzlunar- og siglinga-samning milli konungsríkisins Danmerkur og keisaradæmisins Japans.

for Domstolene, og i alle andre Sager, der staa i Forbindelse med Retsplejen, skulle de nyde alle de Rettigheder og Privilegier, der tilkomme indfødte Undersaatter.

I alt, hvad der vedrører Retten til at have Bopæl og foretage Rejser, til at eje Gods og Effekter af enhver Art, til at tage Arv ifølge Testamente eller paa anden Maade, og til at raade over deres lovlig erhvervede Ejendom af al Slags paa hvilken som helst Maade, skal enhver af de kontraherende Parters Undersaatter paa den andens Territorier nyde de samme Privilegier, Friheder og Rettigheder som indfødte Undersaatter eller som Undersaatter eller Borgere hørende til den mest begunstigede Nation; ikke heller skulle de i de nævnte Retninger være undergivne højere Paalæg eller Byrder. Enhver af de kontraherende Parters Undersaatter skulle paa den andens Territorier nyde fuldkommen Samvittighedsfrihed og, under Jagttagelse af gældende Love, Forordninger og Bestemmelser, have Ret til privat eller offentlig Udøvelse af deres Andagt saavel som til at begrave deres Landsmænd i Overensstemmelse med deres religiøse Skikke paa saadanne passende og dertil egnede Steder, som maatte blive indrettede og vedligeholdte i saadant Øjemed.

De skulle ikke under noget som helst Paaskud kunne tvinges til at betale andre eller højere Skatter eller Afgifter end dem, som erlægges eller maatte blive erlagte af de indfødte Undersaatter eller af Undersaatter eller Borgere hørende til den mest begunstigede Nation.

Enhver af de kontraherende Parters Undersaatter, som ere bosatte paa den andens Territorier, skulle være fritagne for al tvungen Militærtjeneste af hvilken som helst Art være sig i Hæren, Flaaden, Væbningen eller Landstormen, for alle Afgifter, paalagte i Stedet for personlig Værnepligt, og for alle Tvangslaan eller militære Udskrivninger eller Ydelser.

Artikel 2.

Der skal være gensidig frit Handels- og Skibsfartssamkvem mellem de to høje kontraherende Parters Besiddelser.

Enhver af de kontraherende Parters Undersaatter maa i hvilken som helst Del af den andens Besiddelser handle en gros og en détail med alle Slags Produkter, Fabrikata og lovlige Handelsvarer, være sig personlig eller ved Agenter, paa egen Haand eller i Kompagni med fremmede eller indfødte Undersaatter, og de maa der eje eller leje og benytte Huse og Pakrum og leje Jord til Hus- eller Handelsbrug, idet de dog ligesom de indfødte Undersaatter have at rette sig efter Landets Love, Politi- og Toldanordninger.

Det skal staa dem frit for uden Hindring at komme med deres Skibe og Ladninger til alle Pladser, Havne og Floder paa den andens Territorium, der ere eller blive aabnede for Handel med Udlandet, og de skulle i Handels- og Søfartssager nyde den samme Behandling som indfødte Undersaatter, uden at have at betale andre eller større Skatter, Paalæg eller Afgifter af hvilken som helst Slags eller Benævnelse, der opkræves i Navn af eller til Fordel for Regeringen, Embedsmænd, private Personer, Korporationer eller Indretninger af nogen Art end dem, som betales af de indfødte Undersaatter. Det er dog herved velforstaaet, at de i denne og den foregaaende Artikel indeholdte Bestemmelser ikke paa nogen Maade skulle berøre de særlige Love, Anordninger og Bestemmelser om Handel, Politi og den offentlige Sikkerhed, som bestaa i hvert af de to Lande.

Artikel 3.

Beboelseslejligheder, Pakhuse og Butikker benyttede af Undersaatter fra den ene af de høje kontraherende Stater paa den andens Territorium eller i dens Besiddelser, saavel som alle dertil hørende Grunde til Hus- eller Handelsbrug skulle respekteres.

Nr. 23. Bekendtgørelse af 10de Oktober om en mellem Kongeriget Danmark og Kejserriget Japan afsluttet Handels- og Skibsfarts-Traktat.

Nr. 23. 10. oktbr.

Rannsókn eða húsleit í híbýlum þessum og eignum, svo og rannsókn og skoðun bóka, skjala og reikninga, er því að eins heimilt að gjöra, að skilyrði þau sjeu fyrir hendi og þeirri aðferð beitt, sem lög landsins, tilskipanir og önnur ákvæði bjóða, þá innbornir þegnar eiga í hlut.

4. gr.

Eigi skal leggja nein önnur eða hærri gjöld á neina vöru, sem flutt er inn í lönd hans hátignar Danmerkur konungs og framleidd er eða unnin í ríki eða landeignum hans hátignar Japans keisara, án tillits til þess, hvaðan varan er flutt, og eigi nein önnur eða hærri gjöld á neina vöru, er flutt er inn í ríki eða landeignir hans hátignar Japans keisara, og framleidd er eða unnin í löndum hans hátignar Danmerkur konungs, án tillits til þess, hvaðan varan er flutt, heldur en þau gjöld, er lögð eru á sams konar vöru, sem framleidd er eða unnin í hverju öðru útlendu ríki; eigi skal heldur í ríkjum eða landeignum annars hinna tignu samningsaðila haldið uppi eða gefið út bann um innflutning neinnar vöru, sem framleidd er eða unnin í ríkjum eða löndum hins, án tillits til þess, hvaðan sú vara er flutt, nema því að eins að bannið gildi og um innflutning samskonar vöru, sem framleidd er eða unnin í hverju öðru landi sem er.

Þetta síðasta ákvæði á þó eigi við um bönn, sem gjörð eru fyrir heilbrigðis sakir eða nauðsynleg eru til þess að tryggja menn, fjenað eða nytsamar ræktjurtir.

5. gr.

I hvorugu ríki eða landeignum hinna tignu samningsaðila má leggja nein önnur eða hærri gjöld eða álögur á útflutning neinnar vöru þaðan til ríkis eða landeigna hins, en þau, er nú eru eða síðar verða látin hvíla á útflutningi samskonar vöru til hvers annars útlends ríkis, er vera skal; eigi skal heldur leggja neitt bann á útflutning neinnar vöru frá ríki eða landeignum annars hinna tignu samningsaðila til ríkis eða landeigna hins, nema bannið nái og til útflutnings samskonar vöru til hvers annars lands sem vera skal.

6. gr.

Allir skulu þegnar hinna tignu samningsaðila í ríki og landeignum hins aðilans vera undanþegnir öllum yfirflutningsgjöldum og ennfremur njóta jafnrjettis við innborna þegna í öllu, sem snertir vörugeymslu í varningshúsum, verðlaun (bounties), ívilnanir og tolluppbætur.

7. gr.

Allar vörur, sem er eða seinna kann að verða lögheimilað að flytja á japverskum skipum inn á hafnir í ríki og landeignum hans hátignar Japans keisara, skal og heimilt að flytja inn á greindar hafnir á dönskum skipum, án þess á þær sjeu fyrir þá sök lögð önnur eða hærri gjöld eða kvaðir, hverju nafni sem nefnast, en þau, er lögð væru á vörurnar, ef fluttar væru inn á japverskum skipum, og allar vörur, sem lögheimilað er eða kann að verða að flytja á dönskum skipum inn á hafnir í ríki og landeignum hans hátignar Danmerkur konungs, skal hins vegar og heimilt að flytja inn á greindar hafnir á japverskum skipum, án þess á þær sjeu fyrir þá sök lögð önnur eða hærri gjöld og kvaðir, hverju nafni sem nefnast, en þau, er lögð væru á vörurnar, ef fluttar væru inn á dönskum skipum. Jafnrjetti þetta á báða bóga skal gilda án tillits til þess, hvort vörurnar koma beina leið frá framleiðslustaðnum eða einhvers staðar annars staðar að.

Nr. 23. Auglýsing 10. október um verzlunar- og siglinga-samning milli konungsríkisins Danmerkur og keisaradæmisins Japans.

Det skal kun være tilstedeligt at foretage Efterforskninger eller Husundersøgelse i saadanne Beboelseslejligheder og paa deslige Grunde, og at undersøge eller besigtige Bøger, Papirer eller Regnskaber, under de Betingelser og Jagttagelsen af de Former, der ere foreskrevne ved Love, Anordninger og andre Bestemmelser for Landets egne Undersaatter.

Artikel 4.

Ingen andre eller højere Afgifter skulle lægges paa Indførselen til Hans Majestæt Kongen af Danmarks Lande af nogen som helst Artikel, der er frembragt eller forarbejdet i Hans Majestæt Kejseren af Japans Rige og Besiddelser, hvorfra den end ankommer, og ingen andre eller højere Afgifter skulle paalægges Indførselen til Hans Majestæt Kejseren af Japans Rige og Besiddelser af nogen som helst Artikel, der er frembragt eller forarbejdet i Hans Majestæt Kongen af Danmarks Lande, hvorfra den end ankommer, end der svares af den samme Artikel frembragt eller forarbejdet i hvilket som helst andet fremmed Land; heller ikke skal der i noget af de høje kontraherende Parters Riger eller Besiddelser blive opretholdt eller paalagt noget Indførselsforbud for nogen Artikel, der er frembragt eller forarbejdet i den andens Rige eller Besiddelser, hvorfra den end kommer, uden at det ligeledes skal gælde for Indførselen af samme Artikel frembragt eller forarbejdet i hvilket som helst andet Land.

Denne sidste Bestemmelse er ikke anvendelig paa sanitære og andre Forbud foranledigede ved Nødvendigheden af at beskytte Personers, Kvægs eller nyttige Kulturplanters Sikkerhed.

Artikel 5.

Ingen andre eller højere Afgifter eller Byrder maa i nogen af de høje kontraherende Parters Riger og Besiddelser paalægges Udførselen af nogen Artikel til den anden Parts Rige og Besiddelser end saadanne, som ere at erlægge eller ville blive at erlægge for Udførselen af den samme Artikel til hvilket som helst andet fremmed Land; ikke heller maa noget Forbud blive lagt paa Udførselen af nogen Artikel fra en af de to kontraherende Parters Rige og Besiddelser til den andens, uden at det i lige Maade skal gælde Udførselen af samme Artikel til et hvilket som helst andet Land.

Artikel 6.

Enhver af de høje kontraherende Parters Undersaatter skulle i den anden Parts Rige og Besiddelser nyde Fritagelse for alle Transitafgifter og endvidere fuldstændig Ligestilling med indfødte Undersaatter i alt, hvad der vedrører Varers Oplæggelse i Pakhus, Præmier (bounties), Lettelser og Toldgodtgørelser.

Artikel 7.

Alle Artikler, som nu eller senere lovlig kunne indføres i japanesisk Skib til Havne i Hans Majestæt Kejseren af Japans Rige og Besiddelser, maa ligeledes indføres til disse Havne i dansk Skib, uden derfor at undergives andre eller højere Afgifter eller Byrder, af hvad Navn nævnes kan, end om de paagældende Artikler vare indførte i japanesisk Skib, og omvendt, alle Artikler, der nu eller senere lovlig kunne indføres til Havne i Hans Majestæt Kongen af Danmarks Rige og Besiddelser i dansk Skib, maa ligeledes indføres til disse Havne i japanesiske Skibe, uden derfor at undergives andre eller højere Afgifter eller Byrder, af hvad Navn nævnes kan, end om de paagældende Artikler vare indførte i dansk Skib. Denne gensidige Ligestilling skal gælde uden Forskel, hvad enten de paagældende Artikler komme direkte fra Produktionsstedet eller fra hvilken som helst anden Plads.

Nr. 23. Bekendtgørelse af 10de Oktober om en mellem Kongeriget Danmark og Kejserriget Japan afsluttet Handels- og Skibsfarts-Traktat.

Nr. 23. 10. oktbr.

Sömuleiðis skal fullkomið jafnrjetti eiga sjer stað, er um útflutning er að ræða, svo að greidd skulu í ríkjum og landeignum hinna tignu samningsaðila, hvoru um sig, hin sömu útflutningsgjöld og veitt sömu verðlaun (bounties) og tolluppbætur við útflutning hverrar vörutegundar, sem lögheimilað er eða kann að verða að flytja út þaðan, án tillits til þess, hvort út er flutt á japverskum eða dönskum skipum, og hvert vörurnar eiga að fara, hvort heldur til hafna í ríkjum samningsaðila eða til einhvers annars lands.

8. gr.

Í höfnum hvorugs ríkjanna eða landeigna þeirra, er heimilt að leggja á skip frá hinu landinu nein lestar-, hafnar-, hafnsögu-, vita- sóttvarnargjöld eða önnur þess háttar eða samsvarandi gjöld, hverrar tegundar sem er og hverju nafni sem nefnast, sem krafizt er í nafni landstjórnarinnar, embættismanna, einstakra manna, fjelaga eða hverskonar stofnana, eða ganga til þeirra, nema því að eins að sömu gjöld, er eins stendur á og sömu skilyrði eru fyrir höndum, sjeu og yfirleitt lögð á skip frá landinu sjálfu eða á skip þeirrar þjóðar, er beztum kjörum sætir. Jafnrjetti þetta í meðferð á skipum beggja skal eiga sjer stað, án tillits til þess, frá hvaða höfn eða stað skipin koma, eða hvert þau eiga að halda.

9. gr.

Að því, er snertir legu skipa, ferming og afferming á höfnum, í hafnardældum, skipakvíum, skipalægi, í innhöfnum og fljótum í ríkjum beggja og landeignum, skulu engin forrjettindi veitt skipum frá landinu sjálfu, nema þau sjeu jafnframt veitt skipum frá hinu landinu; því það er vilji hinna tignu samningsaðila, að skip beggja skuli einnig að þessu leyti njóta fulls jafnrjettis.

10. gr.

Ákvæði samnings þessa snerta eigi strandsiglingar í ríkjum hinna tignu samningsaðila, heldur skal þeim skipa með lögum, tilskipunum og reglugjörðum, er gefin eru út í hvoru landinu um sig, Japan og Danmörku. Þó er það samkomulag, að japverskir þegnar í ríki og landeignum hans hátignar Danmerkur konungs og danskir þegnar í ríki og landeignum hans hátignar Japans keisara njóti í þessu efni hinna sömu rjettinda sem veitt eru eða kunna að verða í greindum lögum, tilskipunum og reglugjörðum þegnum eða ríkisborgurum hvers annars lands.

Japversku skipi, er erlendis hefur tekið farm, sem fara á til tveggja eða fleiri hafna í ríki eða landeignum hans hátignar Danmerkur konungs, og dönsku skipi, er erlendis hefur tekið farm, sem fara á til tveggja eða fleiri hafna í ríki eða landeignum hans hátignar Japans keisara, skal heimilt að afferma að nokkru leyti á einni höfn og halda síðan áfram ferð sinni til hinnar eða hinna hafnanna, er ferðinni er heitið til, og verzlun við útlönd er leyfð, til þess að skipa þar upp því, sem eptir er af hinum upphaflega farmi; þó skal ávalt gætt laga og tollreglugjörða hvors landsins.

Stjórn Japans gengur þó að því, að meðan samningur þessi gildir, sje dönskum skipum, eins og hingað til, heimilt að flytja farm milli þeirra hafna í Japans ríki, þar sem nú er leyfð verzlun við útlönd, nema til Osaka, Niigata og Ebisu-minato og frá þeim.

11. gr.

Ef herskip eða kaupfar frá ríki annarshvors hinna tignu samningsaðila sakir illviðris eða annara orsaka neyðist til þess að leita hafnar í landi hins, skal heimilt að endurbæta það þar og birgja upp með öllum nauðsynjum, og láta svo í haf án þess að greiða önnur gjöld en þau, er innlend skip hefðu orðið að greiða. En hafi skipstjóri á

Nr. 23. Auglýsing 10. október um verzlunar- og siglinga-samning milli konungsríkisins Danmerkur og keisaradæmisins Japans.

Paa samme Maade skal der være fuldstændig Lighed i Behandlingen ved Udførsel, saa at de samme Udførselsafgifter skulle betales og de samme Præmier (bounties) og Toldgodtgørelser indrømmes i hver af de høje kontraherende Parters Riger og Besiddelser ved Udførsel af hvilken som helst Artikel, der nu eller senere lovlig kan udføres derfra, hvad enten Udførselen foregaar i japanesisk eller dansk Skib, og hvilket Bestemmelsesstedet end er, være sig en Havn i en af de kontraherende Stater eller i hvilket som helst tredie Land.

Artikel 8.

Ingen Tonnage-, Havne-, Lods-, Fyr-, Karantæneafgift eller andre lignende eller tilsvarende Afgifter af hvilken som helst Art eller Benævnelse, der oppebæres i Navn af eller til Fordel for Regeringen, Embedsmænd, private Personer, Korporationer eller Indretninger af nogen Art, maa i Havnene i noget af Rigerne med tilhørende Besiddelser paalægges det andet Lands Skibe, naar de ikke ligeledes under samme Vilkaar i tilsvarende Tilfælde paalægges Landets egne Skibe i Almindelighed eller den mest begunstigede Nations Skibe. Denne gensidige Lighed i Behandlingen af de respektive Skibe skal finde Sted, fra hvilken Havn eller Plads de end komme, og hvilket end deres Bestemmelsessted monne være.

Artikel 9.

I alt, hvad der vedrører Skibes Liggepladser, Ladning og Losning i Havne, Bassiner, Dokker, paa Ankerpladser, paa Red og i Floder i de to Riger med tilhørende Besiddelser, skal intet Privilegium blive tilstaaet Landets egne Skibe, uden at det ligeledes indrømmes det andet Lands Skibe, eftersom det er de høje kontraherende Parters Hensigt, at ogsaa i denne Henseende de respektive Skibe skulle behandles fuldkomment paa lige Fod.

Artikel 10.

Begge de høje kontraherende Parters Kystfart er undtagen fra denne Traktats Bestemmelser, og dens Ordning forbeholdt de henholdsvis i Japan og i Danmark gældende Love, Anordninger og Reglementer. Dog er det vedtaget, at japanesiske Undersaatter i Hans Majestæt Kongen af Danmarks Rige og tilhørende Besiddelser og danske Undersaatter i Hans Majestæt Kejseren af Japans Rige og Besiddelser skulle i denne Henseende nyde de Rettigheder, som ere eller maatte blive indrømmede ved bemeldte Love, Anordninger og Reglementer til Undersaatter eller Borgere fra et hvilket som helst andet Land.

Et japanesisk Skib, der i fremmed Land har indtaget Ladning bestemt til to eller flere Havne i Hans Majestæt Kongen af Danmarks Rige og Besiddelser, og et dansk Skib, der i fremmed Land har indtaget Ladning bestemt til to eller flere Havne i Hans Majestæt Kejseren af Japans Rige og Besiddelser, maa losse en Del af sin Ladning i en Havn og fortsætte sin Rejse til den anden Bestemmelseshavn eller de andre Bestemmelseshavne, hvor Handel med Udlandet er tilladt, for der at losse Resten af sin oprindelige Ladning, dog under Jagttagelse af de to Landes Love og Toldreglementer.

Dog indgaar den japanesiske Regering paa at tillade danske Skibe som hidtil, saa længe nærværende Traktat forbliver i Kraft, at føre Ladning mellem Rigets nuværende aabne Havne undtagen til eller fra Osaka, Niigata og Ebisu-minato.

Artikel 11.

Hvis noget Krigs- eller Handelsskib fra en af de høje kontraherende Stater for ondt Vejr eller formedelst anden tvingende Aarsag skulde blive nødt til at søge Tilflugt i en Havn paa den andens Territorium, skal det have Frihed til at reparere der, forsyne sig med alt fornødent og gaa til Søs igen uden at betale andre Afgifter

Nr. 23. 10. oktbr. kaupfari orðið að ráða yfir einhverju af farminum til þess að greiða áfallinn kostnað, verður hann að gæta reglugjörða þeirra og tolllaga, er gilda á þeim stað.

Nú rekur herskip eða kaupfar frá öðrum hvorum samningsaðila á grunn eða brýtur við strendur hins, skulu þá valdsmenn á þeim stað tilkynna það yfirkonsúlnum, konsúlnum, undirkonsúlnum eða konsúlsumboðsmanni í því umdæmi, er strandið varð, og ef engir þess háttar erindrekar eru í umdæminu, þá yfirkonsúlnum, konsúlnum, undirkonsúlnum eða konsúlsumboðsmanni í næsta umdæmi.

Allar ráðstafanir til þess að bjarga japversku skipi, sem brotið hefur eða strandað í landhelgi hans hátignar Danmerkur konungs, skulu gjörðar samkvæmt dönskum lögum, tilskipunum og reglugjörðum, og á hinn bóginn skulu allar ráðstafanir til þess að bjarga dönsku skipi, sem brotið hefur eða strandað í landhelgi hans hátignar Japans keisara, gjörðar samkvæmt japverskum lögum, tilskipunum og reglugjörðum.

Þá er þess verður krafizt, skulu skip þau, er strandað hafa eða brotnað, allir partar af þeim, útbúnaður og áhöld, allar vörur og góz, er bjargað hefur verið úr þeim (þar með talið það er kastað hefur verið yfir borð), eða andvirði þessa, svo og öll skjöl, er fundizt hafa á hinu brotna eða strandaða skipi, seld eigendunum eða umboðsmönnum þeirra í hendur. Ef eigendur eða umboðsmenn þeirra eru eigi við staddir, skal þetta selt hlutaðeigandi yfirkonsúl, konsúl, undirkonsúl eða konsúlsumboðsmanni í hendur, ef þeir krefjast þess áður en frestur sá er liðinn, er í lögum landsins er um það til tekinn, og eigi skulu erindrekar þessir, eigendurnir eða umboðsmenn þeirra greiða annað en kostnað við geymslu á munum, bjarglaun og þau önnur gjöld, er skylt hefði verið að greiða ef hið strandaða skip hefði verið frá landinu sjálfu.

Enga tolla skal greiða af gózi og vörum, sem bjargað hefur verið af skipsflakinu, nema því aðeins að vörurnar sjeu afgreiddar til neyzlu í landinu sjálfu, en þá skal greiða venjuleg gjöld.

Þá er skip, sem er eign þegna annars samningsaðila, strandar eða ferst við lönd hins, skal hlutaðeigandi yfirkonsúll, konsúll, undirkonsúll eða konsúlsumboðsmaður eiga rjett á, þegar eigandi, skipstjóri eða annar umboðsmaður eiganda eigi er viðstaddur, í embættis nafni að ljá fulltingi sitt til þess að veita þegnum þess ríkis, sem hann er fulltrúi fyrir, þá hjálp, er þeir þurfa. Hið sama er og, þó eigandi, skipstjóri eða annar umboðsmaður eiganda sje viðstaddur, ef hann leitar fulltingis þeirra.

12. gr.

Þegar um ákvæði samnings þessa er að ræða, skulu öll þau skip teljast japversk sem eru það samkvæmt japverskum lögum, og á hinn bóginn öll þau skip teljast dönsk, sem eru það samkvæmt dönskum lögum.

13. gr.

Nú strýkur sjómaður frá herskipi eða kaupfari annars hinna tigna samningsaðila í löndum hins, og skulu þá valdsmenn þar, ef konsúll lands þess, er skipið á heima í, umboðsmaður hans eða fulltrúi krefst þess, skyld til að ljá það fulltingi, sem þau mega, til þess að handsama og framselja strokumann.

Nr. 23. Auglýsing 10. október um verzlunar- og siglinga-samning milli konungsríkisins Danmerkur og keisaradæmisins Japans.

end saadanne, som vilde have været at erlægge af et i selve Landet hjemmehørende Skib. Ifald Føreren af et Handelsskib skulde blive nødt til at disponere over en Del af sin Ladning til Betaling af sine Udgifter, vil han dog have at rette sig efter de paa Pladsen gældende Reglementer og Tariffer.

Hvis noget af de kontraherende Parters Krigs- eller Handelsskibe skulde gaa paa Grund eller lide Skibbrud paa den andens Kyster, skulle Lokalmyndighederne derom underrette Generalkonsulen, Konsulen, Vicekonsulen eller Konsularagenten i det Distrikt, hvor Begivenheden har tildraget sig, eller, hvis ingen saadanne Konsulartjenestemænd findes der, da Generalkonsulen, Konsulen, Vicekonsulen eller Konsularagenten i det nærmeste Distrikt.

Alle Forholdsregler sigtende til Bjergning af japanesisk Skib, der har lidt Skibbrud eller er strandet paa Hans Majestæt Kongen af Danmarks Søterritorium, skulle træffes i Overensstemmelse med de danske Love, Anordninger og Reglementer, og omvendt skulle alle Forholdsregler sigtende til Bjergning af dansk Skib, der har lidt Skibbrud eller er strandet paa hans Majestæt Kejseren af Japans Søterritorium, træffes i Overensstemmelse med de japanesiske Love, Anordninger og Reglementer.

Saadanne strandede eller forulykkede Skibe eller Fartøjer, alle Dele af dem, deres Udrustning og Tilbehør, og alt Gods og Varer, bjergede fra dem (deri indbefattet, hvad der maatte være kastet over Bord), eller Salgsprovenuet deraf, saavel som alle Papirer, fundne ombord paa saadanne strandede eller forulykkede Skibe eller Fartøjer, skulle paa Forlangende udleveres til Ejerne eller deres Agenter. Ere Ejerne eller deres Agenter ikke til Stede, skulle de udleveres til de respektive Generalkonsuler, Konsuler, Vicekonsuler eller Konsularagenter, naar Fordring derpaa stilles af dem inden Udløbet af den i Landets Love fastsatte Frist, og de paagældende Konsulartjenestemænd, Ejere eller Agenter skulle ikun betale Omkostningerne ved Opbevaringen af Godset tillige med Bjergelønnen og andre Udgifter, som vilde have været at tilsvare i Tilfælde af Forlis af et i Landet selv hjemmehørende Skib.

Gods og Varer, bjergede fra Vraget, skulle være fri for alle Toldafgifter, medmindre de indklareres til Forbrug, i hvilket Tilfælde de have at betale de sædvanlige Afgifter.

Naar et Skib eller Fartøj, tilhørende en af de kontraherende Parters Undersaatter, strander eller forulykker paa den andens Territorium, skulle de paagældende Generalkonsuler, Konsuler, Vicekonsuler og Konsularagenter have Ret til, naar Ejeren, Skipperen eller anden Repræsentant for Ejeren ikke er nærværende, at yde deres embedsmæssige Bistand til at skaffe den af dem repræsenterede Stats Undersaatter fornøden Hjælp. Samme Regel gælder i Tilfælde af, at Ejeren, Skipperen eller anden Repræsentant for Ejeren vel er til Stede, men paakalder deres Bistand.

Artikel 12.

Alle Fartøjer, som ifølge japanesisk Lov anses som japanesiske Fartøjer og alle Fartøjer, som ifølge dansk Lov anses som danske Fartøjer, skulle, for saa vidt angaar denne Traktats Bestemmelser, anses henholdsvis som japanesiske og danske Fartøjer.

Artikel 13.

Rømmer nogen Sømand fra et Krigs- eller Handelsskib, tilhørende en af de høje kontraherende Parter, inden for den andens Territorium, skulle Lokalmyndighederne være pligtige til at yde al den Hjælp, de formaa til at paagribe og aflevere Rømningsmanden, naar Begæring derom fremsættes for dem af Konsulen for det Land, hvortil Skibet eller Fartøjet hører, eller af Konsulens befuldmægtigede eller Repræsentant.

Nr. 23. Bekendtgørelse af 10de Oktober om en mellem Kongeriget Danmark og Kejserriget Japan afsluttet Handels- og Skibsfarts-Traktat.

Nr. 23. 10. oktbr.

Þetta ákvæði gildir þó eigi þegar strokumaður er þegn þess lands, þar sem hann strauk.

14. gr.

Það er samkomulag hinna tignu samningsaðila, að hverskonar forrjettindi, hlunnindi og undanþágur að því er verzlun og siglingar snertir, sem annarhvor samningsaðila hefur veitt eða síðar kann að veita stjórn, skipum, þegnum eða ríkisborgurum hverrar annarar þjóðar sem er, skuli þegar í stað og skilyrðislaust látin ná til stjórnar, skipa og þegna hins samningsaðilans; því það er tilætlan samningaðila, að verzlun og siglingar annars landsins njóti í hinu landinu jafns rjettar og verzlun og siglingar þeirrar þjóðar, sem beztum kjörum sætir.

15. gr.

Hvorumtveggja hinna tignu samningsaðila skal heimilt að skipa yfirkonsúla, konsúla, undirkonsúla, varakonsúla og konsúlsumboðsmenn í öllum höfnum, bæjum og borgum hins, nema þar sem eigi þykir hent að viðurkenna þesskonar embættismenn. En þessi undantekning skal þó eigi gjörð gagnvart samningsaðila, nema því aðeins að hún sje jafnframt gjörð gagnvart öllum öðrum þjóðum. Yfirkonsúlunum, konsúlunum, undirkonsúlunum, varakonsúlunum og konsúlsumboðsmönnum skal heimilt að gegna öllum þeim störfum og njóta allra þeirra forrjettinda, einkarjettinda og undanþágna, sem eru eða seinna kunna að verða leyfð eða látin í tje erindrekum þeirrar þjóðar, er beztum kjörum sætir.

16. gr.

Allir þegnar annars hinna tignu samningsaðila skulu í ríkjum og landeignum hins njóta sömu verndar og innbornir þegnar að því er snertir einkaleyfisbrjef, vörumerki og uppdrætti (designs), ef þeir gæta reglna þeirra, sem lög þar um bjóða.

17. gr.

Ákvæði samnings þessa gilda í konungsríkinu Danmörku, Færeyjum og á Íslandi. Ennfremur 1., 2., 3., 10., 11, 12., 13., 15., 16., 17., 18., 19. og 20. grein á Vesturheimseyjum Dana.

18. gr.

Samningur þessi skal frá þeim degi, er hann öðlast gildi, koma í stað vináttu-, verzlunar- og siglinga-samningsins þess með fylgigreinum, sem dagsettur er 7. dag hins 12. mánaðar á 2. ári Kejons er samsvarar 12. janúar 1867, og ennfremur allra málaskipana og samninga, sem hinir tignu samningsðilar síðar hafa gjört eða gildi hafa samkvæmt honum. Frá greindum degi skal tjeður samningur og fylgigreinar hans, málaskipanir og samningar falla úr gildi, og því dómsvald það, sem danskir dómstólar til þess tíma hafa haft á hendi í Japan, öll sjerstakleg einkarjettindi, forrjettindi og undanþágur, er danskir þegnar hafa notið fyrir þá sök að þeir hafa átt þátt í og lotið dómsvaldi þessu, falla gagngert niður, en dómsvaldið ganga undir japverska dómstóla.

19. gr.

Samningur þessi má fá lagagildi í fyrsta lagi 16. dag hins 7. mánaðar á 32. ári Meijis, þann 16. júlí 1899. Hann öðlast gildi einu ári eptir að stjórn hans hátignar Japans keisara hefur tilkynnt þá ósk sína stjórn hans hátignar Danmerkur konungs, að samningnum sje komið í framkvæmd. Þetta er henni heimilt að tilkynna, hvenær sem hún vill, eptir að 16. dagur hins 7. mánaðar á 31. ári Meijis, 16. júlí 1898 er liðinn.

Nr. 23. Auglýsing 10. október um verzlunar- og siglinga-samning milli konungsríkisins Danmerkur og keisaradæmisins Japans.

Denne Bestemmelse finder dog ikke Anvendelse paa Undersaatter i det Land hvor Rømningen foregaar.

Artikel 14.

De høje kontraherende Parter ere enige om, at i alt, hvad Handel og Skibsfart angaar, skal ethvert Privilegium, enhver Begunstigelse eller Frihed, som den ene eller den anden kontraherende Part nu har tilstaaet eller senere maatte tilstaa til en hvilken som helst anden Stats Regering, Skibe, Undersaatter eller Borgere, straks og uden Betingelser udvides til ogsaa at gælde den anden kontraherende Parts Regering, Skibe eller Undersaatter, da det er Parternes Hensigt, at ethvert af Landenes Handel og Skibsfart af det andet Land i enhver Henseende skal stilles paa lige Fod med den mest begunstigede Nation.

Artikel 15.

Enhver af de høje kontraherende Parter maa ansætte Generalkonsuler, Konsuler, Vicekonsuler, Prokonsuler og Konsularagenter i alle den andens Havne, Byer og Steder, dog saadanne undtagne, hvor Anerkendelsen af deslige Embedsmænd ikke maatte være tjenlig. Denne Undtagelse vil dog ikke blive gjort lige over for en af de kontraherende Parter uden i lige Maade at blive gennemført over for enhver anden Magt. Generalkonsulerne, Konsulerne, Vicekonsulerne, Prokonsulerne og Konsularagenterne maa udføre alle Funktioner og skulle nyde alle Privilegier, Forrettigheder og Friheder, som ere eller senere maatte blive tilstaaede den mest begunstigede Nations Konsulartjenestemænd.

Artikel 16.

Enhver af de høje kontraherende Parters Undersaatter skulle i den andens Rige og Besiddelser nyde den samme Beskyttelse som indfødte Undersaatter for Patenter Handelsmærker og Tegninger (designs) imod at opfylde de ved Lov foreskrevne Formaliteter

Artikel 17.

Bestemmelserne i nærværende Traktat skulle gælde for Kongeriget Danmark, Færøerne og Island. Ligeledes skulle Artiklerne 1, 2, 3, 10, 11, 12, 13, 15, 16, 17, 18, 19 og 20 komme til Anvendelse paa de dansk-vestindiske Øer.

Artikel 18.

Nærværende Traktat skal fra den Dag, den træder i Kraft, afløse Venskabs-, Handels- og Skibsfarts-Traktaten med tilhørende Additionalartikler, dateret den 7de Dag i den 12te Maaned i det andet Aar af Keion, svarende til den 12te Januar 1867, og alle i Henhold dertil senere mellem de høje kontraherende Parter trufne eller bestaaende Ordninger og Overenskomster; og fra samme Dag skal bemeldte Traktat, Additionalartikler, Ordninger og Overenskomster ophøre at gælde, og som Følge deraf skal den indtil da af danske Domstole i Japan udøvede Jurisdiktion og alle af danske Undersaatter, som en Part af eller som hørende til denne Jurisdiktion nydte, særlige Privilegier, Forrettigheder og Friheder uden videre ganske ophøre, og derefter skal hele denne Jurisdiktion overtages og udøves af japanesiske Domstole.

Artikel 19.

Nærværende Traktat skal tidligst kunne faa Retskraft ved Udløbet af den 16de Dag i den 7de Maaned af det 32te Aar af Meiji, den 16de Juli 1899. Den skal træde i Kraft et Aar efter, at Hans Majestæt Kejseren af Japans Regering har meddelt Hans Majestæt Kongen af Danmarks Regering sit Ønske om, at den bringes til Udførelse. Denne Meddelelse kan gives naar som helst efter den 16de Dag af den 7de Maaned af det 31te Aar af Meiji, den 16de Juli 1898.

Nr. 23. Bekendtgørelse af 10de Oktober om en mellem Kongeriget Danmark og Kejserriget Japan afsluttet Handels- og Skibsfarts-Traktat.

Nr. 23. 10. oktbr.

Samningurinn skal gilda í tólf ár frá þeim degi, sem hann öðlast gildi.

Hvorr hinna tignu samningsaðila um sig skal eiga rjett á, þegar ellefu ár eru liðin frá þeim degi, er samningurinn öðlast gildi, að tilkynna þá ósk hinum, að samningurinn falli úr gildi, og þegar tólf mánuðir eru liðnir frá þessari tilkynning, skal samningurinn niður falla og alveg úr gildi numinn.

20. gr.

Hinir tignu samningsaðilar skulu fullgilda samning þenna og skal fullgildingum skipzt á í Kaupmannahöfn innan 8 mánaða frá því að hann var undirritaður.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmenn beggja ritað undir samninginn og sett innsigli sín á hann.

Samið í tvennu lagi í Kaupmannahöfn 19. dag októbermánaðar á því drottins ári eitt þúsund átta hundruð níutíu og fimm, er samsvarar 19. degi hins 10. mánaðar á tuttugasta og áttunda ári Meijis.

Reedtz-Thott.
(L. S.)

Akabane Shiro.
(L. S.)

Samningum fylgir svofelld

gjörð:

Sökum þess að stjórn hans hátignar Danmerkur konungs og stjórn hans hátignar Japans keisara telja það æskilegt báðum löndum í hag að skipa málum þeirra um ýms sjerstakleg efni, sem verzlunar- og siglinga-samningur sá, er undirritaður var í dag, nær ekki til, hafa umboðsmennirnir fyrir þeirra hönd orðið ásáttir um ákvæði þau, er hjer fara á eptir:

1. Það er samningur milli samningsaðila, að tollskrá sú, er nú gildir í Japan um vörur og góz, sem innflutt er til Japans af þegnum hans hátignar Danmerkur konungs, skuli falla úr gildi einum mánuði eptir að skipzt hefur verið á fullgildingum verzlunar- og siglinga-samnings þess, er undirritaður var í dag. Frá greindum degi skal hinni núgildandi almennu japversku tollskrá (General Statutory Tariff) beitt, er um góz og vörur er að ræða, er fluttar eru til Japans og til orðnar í ríki eða landeignum hans hátignar Danmerkur konungs við ræktun, framleiðslu eða verksmiðjuvinnu; þó skal það áskilið að gætt sje ákvæða 19. greinar samnings þess, er nú gildir um mál samningsaðila og dagsettur er 7. dag hins 12. mánaðar á 2. ári Kejons, er samsvarar 12. janúar 1867, meðan greindur samningur er í gildi, og upp frá því ákvæða 4. og 14. greinar samnings þess, er undirritaður var í dag. Ekkert, sem í gjörð þessari stendur, skal þó skilið svo, að það takmarki eða rýri rjett japversku stjórnarinnar til þess að takmarka eða banna aðflutning falsaðra lyfjaefna, læknislyfja, matvæla eða drykkja; óviðurkvæmilegra eða ósiðsamlegra prentaðra eða málaðra mynda, bóka eða uppdrátta, steinprentaðra eða annara stunginna mynda, ljósmynda eða hverskonar annara óviðurkvæmilegra eða ósiðsamlegra vörutegunda; ennfremur aðflutning á munum, sem koma í bága við löggjöf Japans um einkarjett, vörumerki eða margföldunarheimild; eða á hverskonar öðrum vörutegundum, er almennri heilbrigði, öryggi eða siðferði almennings gæti orðið hætta búin af.

Traktaten skal forblive gældende i en Tid af tolv Aar, at regne fra den Dag den træder i Kraft.

Enhver af de høje kontraherende Parter skal have Ret til naar som helst, efter at elleve Aar ere forløbne fra den Dag, denne Traktat træder i Kraft, at meddele den anden Part sit Ønske om Traktatens Ophør, og naar da tolv Maaneder ere forløbne, efter at saadan Meddelelse er given, skal denne Traktat ganske bortfalde og ophøre.

Artikel 20.

Nærværende Traktat skal ratificeres af de høje kontraherende Parter, og Ratifikationerne skulle udveksles i Kjøbenhavn inden 8 Maaneder efter dens Undertegnelse.

Til Bekræftelse heraf have de respektive befuldmægtigede underskrevet den og paatrykt den deres Segl.

Udfærdiget in duplo i Kjøbenhavn den 19de Oktober i det Herrens Aar Et Tusinde Otte Hundrede og Fem og Halvfemsindstyve, svarende til den 19de Dag i den 10de Maaned i det otte og tyvende Aar af Meiji.

Reedtz-Thott. (L. S.)

Akabane Shiro. (L. S.)

Til Traktaten slutter sig følgende

Protokol.

Da Hans Majestæt Kongen af Danmarks Regering og Hans Majestæt Kejseren af Japans Regering anse det som ønskeligt i de to Landes Interesse at ordne visse deres gensidige Forhold angaaende særlige Æmner uden for den i Dag undertegnede Handels- og Skibsfarts-Traktat, ere de gennem deres respektive befuldmægtigede komne overens om følgende Bestemmelser:

1. Det er vedtaget af de kontraherende Parter, at en Maaned efter Udvekslingen af Ratifikationerne til den i Dag undertegnede Handels- og Skibsfarts-Traktat skal den i Japan nu gældende Indførselstarif for Gods og Varer, indførte til Japan af Hans Majestæt Kongen af Danmarks Undersaatter, ophøre at være bindende. Fra samme Dag skal den for Tiden i Kraft værende almindelige japanske Toldtarif (General Statutory Tariff) bringes til Anvendelse ved Indførselen til Japan af Gods og Varer, der ere frembragte ved Dyrkning, Produktion eller Fabrikation i Hans Majestæt Kongen af Danmarks Rige og Besiddelser, dog med Forbehold af Bestemmelserne i Artikel 19 i den for Tiden bestaaende Traktat mellem de kontraherende Parter, dateret den 7de Dag i den 12te Maaned af det 2det Aar af Keion, svarende til den 12te Januar 1867, saa længe bemeldte Traktat forbliver i Kraft og derefter med Forbehold af Bestemmelserne i Artiklerne 4 og 14 i den i Dag undertegnede Traktat. Men intet, som indeholdes i denne Protokol, skal anses for at begrænse eller modificere den japanesiske Regerings Ret til at indskrænke eller forbyde Indførselen af forfalskede Droger, Medicin, Føde- eller Drikkevarer; upassende eller uanstændige trykte eller malede Billeder, Bøger, Kaart, Litografier eller andre Stik, Fotografier eller hvilke som helst andre upassende eller uanstændige Artikler; Genstande stridende mod den japanske Lovgivning om Patenter, Varemærker og Mangfoldiggørelsesret; eller nogen som helst anden Artikel, der af sanitære Grunde eller under Hensyn til den offentlige Sikkerhed eller Moral maatte frembyde nogen Fare.

Nr. 23. Bekendtgørelse af 10de Oktober om en mellem Kongeriget Danmark og Kejserriget Japan affluttet Handels- og Skibsfarts-Traktat.

Nr. 23. 10. oktbr.

2. Stjórn hans hátignar Danmerkur konungs gefur samþykki sitt til þess, að hinar útlendu nýlendur, frá þeim degi, sem samningur sá, er undirritaður var í dag, öðlast gildi, skuli að fullu og öllu innlimast í hlutaðeigandi japversk sveitarfjelög. Þegar innlimun þessara nýlenda er til lykta leidd, skulu þær vera óaðskiljanlegir hlutar hinnar japversku sveitarfjelagaskipunar; og skulu hlutaðeigandi japverskir valdsmenn þá taka að sjer allar skyldur og kvaðir, er hvíla á nýlendum þessum, og jafnframt skal fje og eignir tjeðra nýlenda ganga til greindra japverskra valdsmanna.

3. Stjórn Japans gefur samþykki sitt til þess, að þangað til landið verður opnað fyrir dönskum þegnum, skuli rýmkvað þannig um núgildandi leiðarbrjefaskipun, að dönskum þegnum sje heimilt, ef þeir æskja þess og sýna meðmæli frá umboðsmanni dönsku stjórnarinnar í Tokio eða frá einhverjum konsúli hans hátignar konungsins í hinum opnu japversku höfnum, að fá leiðarbrjef, sem er fullnægjandi, hvar sem er í landinu, þó ekki um lengri tíma en 12 mánuði, annaðhvort hjá hinu japverska stjórnarráði utanríkismálanna í Tokio eða hjá æðstu valdsmönnum í amti, sem opin höfn er í; og er svo til ætlazt, að reglur þær og ákvæði, er danskir þegnar nú verða að hlíta, þegar þeir ferðast inn í land í keisaradæminu, skuli halda áfram að hafa lagagildi.

4. Undirritaðir umboðsmenn hafa orðið ásáttir um, að gjörð þessa skuli leggja fyrir báða hina tignu samningsaðila um leið og verzlunar- og siglinga-samning þann, er undirritaður var í dag, og að þegar hann hefur fullgiltur verið, skuli litið svo á, sem einnig sje fallizt á samningsatriði þau, er í gjörð þessari standa, án þess að frekari fullgilding þurfi til.

Það er og samkomulag, að gjörð þessi skuli falla úr gildi um leið og samningurinn.

Þessu til staðfestu hafa báðir umboðsmenn ritað undir gjörð þessa og sett innsigli sín á hana.

Samið í tvennu lagi í Kaupmannahöfn 19. október á því drottins ári eitt þúsund átta hundruð níutíu og fimm, er samsvarar 19. degi hins 10. mánaðar á tuttugasta og áttunda ári Meijis.

Reedtz-Thott. (L. S.)

Akabane Shiro. (L. S.)

Þetta gjörist hjermeð almenningi kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 10. október 1899.

Hørring.

Ólafur Halldórsson.

2. Hans Majestæt Kongen af Danmarks Regering samtykker i, at de forskellige fremmede Kolonier fuldstændig inkorporeres i de paagældende japanske Kommuner fra den Dato, den i Dag undertegnede Handels- og Skibsfarts Traktat træder i Kraft. Naar Inkorporationen er gennemført, skulde disse Kolonier udgøre integrerende Dele af det japanske Municipalsystem; de paagældende japanske Myndigheder skulle da overtage alle bemeldte Kolonier paahvilende Forpligtelser og Byrder, og samtidig skulle de bemeldte Kolonier tilhørende Midler og Ejendomme overgaa til de nævnte japanske Myndigheder.

3. Den japanske Regering samtykker i, indtil Landets Aabning for danske Undersaatter, at udvide det gældende Passystem saaledes, at det paa Ansøgning tillades danske Undersaatter, imod Forevisning af en Anbefaling fra den danske Repræsentant i Tokio eller fra nogen af Hans Majestæts Konsuler i de aabne japanske Havne, at erholde Pas, gældende for en hvilken som helst Del af Landet og for et Tidsrum af ikke over 12 Maaneder, udstedte enten af det kejserlig japanske Udenrigsministerium i Tokio eller af de højeste Myndigheder i det Præfektur, i hvilket en aaben Havn er beliggende; det er herved Meningen, at de Regler og Bestemmelser, hvorefter danske Undersaatter nu have at rette sig, naar de besøge det indre af Kejserriget, skulle forblive i Kraft.

4. Undertegnede befuldmægtigede ere enige om, at nærværende Protokol skal forelægges de to høje kontraherende Parter samtidig med den i Dag undertegnede Handels- og Søfarts- Traktat, og at de i Protokollen indeholdte Aftaler, naar Traktaten er ratificeret, ligeledes skulle anses som billigede, uden at nogen yderligere formel Ratifikation gøres fornøden.

Man er ogsaa kommen overens om, at denne Protokol skal træde ud af Kraft paa samme Tid, som Traktaten ophører at være bindende.

Til Bekræftelse heraf have de respektive befuldmægtigede undertegnet denne Protokol og paatrykt den deres Segl.

Udfærdiget in duplo i Kjøbenhavn den 19de Oktober i det Herrens Aar Et Tusinde Otte Hundrede og Fem og Halvfemsindstyve, svarende til den 19de Dag af den 10de Maaned i det otte og tyvende Aar af Meiji.

Reedtz-Thott. (L. S.)

Akabane Shiro. (L. S.)

Hvilket herved bringes til almindelig Kundskab.

Ministeriet for Island, den 10de Oktober 1899.

Hørring.

Ólafur Halldórsson.

Nr. 23. Bekendtgørelse af 10de Oktober om en mellem Kongeriget Danmark og Kejserriget Japan afsluttet Handels- og Skibsfarts-Traktat.